

# Skilti í Hafnarfirði

Siggubær 200m

Pakkhusið 100m

Beggubúð 100m

Bookless Bungalow 100m



## 1. Inngangur

- 1.1 Aðalskipulag Hafnarfjarðar
- 1.2 Markmið og leiðir að þeim

## 2. Gildissvið

## 3. Almenn ákvæði

- 3.1 Flokkun skilta
- 3.2 Tegundir skilta
- 3.3 Skipulag, útlit og hönnun
- 3.4 Stærðir og hlutföll
- 3.5 Skilti sem eru undanþegin leyfum byggingarfulltrúa

## 4. Ákvæði eftir landnotkun

- 4.1 Miðbær Hafnarfjarðar
- 4.2 Verslunar- og þjónustusvæði
- 4.3 Samfélagsþjónusta
- 4.4 Athafnar-, iðnaðar og hafnarsvæði
- 4.5 Íbúðasvæði
- 4.6 Íþróttasvæði
- 4.7 Verndar- friðlýsingar og opin svæði ásamt afþreyingar- og ferðamannsvæði og skógræktar- og landgræðsluslusvæði.
- 4.8 Veghelgunarsvæði stofnbrauta

## 5. Umsókn, leyfisveiting og eftirlit

## 6. Önnur ákvæði

## 7. Samþykkt um ljómatakmarkanir, fylgiskjal unnið af Liska ehf

- 7.1 Lýsingarhugtök
- 7.2 Flokkun svæða eftir umhverfisbirtu
- 7.3 Reglur um lýsingu og ljóma

# 1 Inngangur

Skilti eru hluti af útliti borga og bæja og séu þau vel útfærð geta þau aukið á bæjarbrag og læsileika bæjarins.


Allt umhverfi bæjarins er okkar sameiginlega rými og skiptir miklu máli að settar séu skýrar og markvissar reglur um útfærslu og fyrirkomulag skilta.

Skilti þurfa að vera vel útfærð, falla inn í heildarmyndina, auka á upplifun og þjóna því hlutverki sem þeim er ætlað.

Samþykktinni er skipt upp eftir landnotkunarflokkum þar sem mismunandi reglur gilda á hverjum stað. Samhliða þessari samþykkt er fylgiskjal ásamt korti sem sýnir hámarksljóma eftir landnotkunarflokkum, unnið af Liska ehf.

Í deiliskipulögum einstakra svæða er hægt að útfæra nánar leiðbeiningar um hvernig þessum málum skuli háttað.

Í þessari samþykkt má finna leiðbeiningar um hvernig almennt skuli farið með skilti í bæjarlandinu.



# 1.1 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025



EKKI ERU NEINAR LEIÐBEININGAR UM NOTKUN SKILTA Í GREINARGERÐ AÐALSKIPULAGS HAFNARFJARÐAR EN ÞAR ER HINS VEGAR LÖGÐ ÁHERSLA Á GÆÐI BYGGÐAR ALMENNT OG MEÐ SKIPULAGI ER TRYGGÐUR FAGLEGUR GRUNNUR ÚTLITS OG ANNARRA ÞÁTTA.

Mat á fagurfræði hins byggða umhverfis er að mestu leyti huglægt en margvíslegar kenningar eru til um ýmsa þætti fagurfræðinnar svo sem samspil forms og rýmis, skala og hlutföll svo eithvað sé nefnt.

Í markmiðum skipulagsins er m.a. nefnt að hugað skuli að ímynd bæjarins við hönnun á merkingum við helstu aðkomuleiðir og einnig að almennt verði vandað til skipulags og hönnunar í bænum.

Með þessari samþykkt er ætlunin að framfylgja stefnu aðalskipulags Hafnarfjarðar um gæði ásamt því að leiðbeina um val á skiltum og merkingum.

## 1.2 Markmið og leiðir að þeim

Að gera skýrar leiðbeiningar um notkun skilta.

Að hafa stjórn og yfirsýn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu þeirra þannig að þau ógni ekki öryggi akandi og gangandi vegfarenda.

Að þau séu íbúum bæjarins ekki til ama eða óþæginda og að þau hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfi og ásýnd bæjarins.

Að auðvelda afgreiðslu umsókna um skilti.

## 2 Gildissvið

Samþykkt þessi gildir innan lögsögu Hafnarfjarðar bæði á bærlandi og innan lóða.

Samþykktin gildir um hvers konar skilti og auglýsingar, vegglistaverk og búnað sem settur er upp í því skyni að koma upplýsingum á framfæri. Hægt er sjá nánar í kafla 3.4 hvaða skilti eru undanþegin leyfum byggingarfulltrúa. Hægt er að sjá kort um ljómatakmarkanir í samþykkt um ljómatakmarkanir sem fylgir með þessari samþykkt í kafla 7.



### Leyfisveiting

Byggingarfulltrúi veitir leyfi fyrir skiltum í samræmi við samþykkt þessa. Eftirlit er í höndum byggingarfulltrúa þar sem skilti eru háð byggingarleyfi.

### Lög og reglugerðir

Ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari.

Ákvæði kafla 2.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 með áorðnum breytingum gilda eftir sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari.

Ákvæði kafla 5.3.2.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar skv. samþykkt þessari.

Ákvæði kafla 6.2.1 í byggingarreglugerð varðandi útskagandi byggingarhluta.

Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum gefin út af Umhverfisstofnun.

Í þeim tilfellum þar sem samþykktir þessar stangast á við ákvæði í lögum eða reglugerðum eða ákvæðum í gildandi skipulagi taka þær ekki yfir gildisvið þeirra.

# 3 Almennt um skilti

Almenn ákvæði ná til allra skilta í bærlandinu. Nánari ákvæði eru í kafla 4 um landnotkun og korti með flokkuðu birtustigi.

## 3.1 Flokkun skilta

Í bæjarlandinu má finna fjölda skilta sem þjóna margvíslegum tilgangi. Öll skilti eru byggingarleyfisskyld nema þau sem eru tilgreind hér að neðan í kafla 3.



### ÞJÓNUSTUSKILTI

er skilti sem sýnir nafn stofnunar, heiti fyrirtækis, þjónustu, starfsemi eða vörumerki þess, sem er komið fyrir á eigin lóð.

### SÉRSTÖK SKILTI EÐA MERKINGAR

eru t.d. vegglistaverk og stafrænt uppkast á veggi eða aðra fleti. Undir þetta falla skilti yfir hámarksstærð sem eru notuð t.d. í tengslum við listviðburði og eru sett upp tímabundið. Þessi skilti skulu sett upp í samráði við viðkomandi stofnun.

### AUGLÝSINGASKILTI

veitir upplýsingar um vöru eða þjónustu, t.d. matseðla eða auglýsingar á vöru.



### UPPLÝSINGASKILTI

veitir upplýsingar af ýmsu tagi, t.d. um eignarhald, framkvæmdir, nýbyggingar, hættur og fleira. Vegvísar og fræðsluskilti falla undir þennan flokk.

### BRÁÐABIRGÐASKILTI

er skilti sem auglýsa íþróttaviðburði, jólatrjáasölu, flugeldasölu eða jólaþorp. Þau eru ekki með varanlegum festingum og geta verið gormaskilti eða A-standar.

### ELDRI SKILTI

er öll skilti sem sett voru upp fyrir gildistöku þessarar samþykktar. Almenna reglan er að þau skilti sem þegar hafa fengið byggingarleyfi, en eru hærri en það sem kemur fram í samþykkt þessari, megi standa á sínum stað.

Hins vegar getur byggingarfulltrúi krafist þess að sótt sé um leyfi fyrir öll skilti sem sett voru upp án leyfis fyrir



## 3.2 Tegundir skilta

Til eru fjölbreyttar tegundir skilta og getur bæði flokkun skilta og tegundir þeirra verið margvísleg eftir landnotkunarflokkum. Sjá kafla 4. Það þarf að sækja um leyfi fyrir öllum skiltum. Varðandi lýsingu skal vísað í 7. kafla um ljómatakmarkanir.



### VEGGSPJÖLD

eru spjöld sem veita upplýsingar um ákveðið fyrirtæki eða stofnun og geta t.d. verið matseðlar veitingahúsa, upplýsingar um viðburði eða listsýningar. Veggspjöld geta verið úr ýmsum efnum, t.d. gleri, stáli, plasti o.s. frv. Þau geta verið upplýst eða ekki og fer það eftir landnotkun svæðisins.

Veggspjöld skulu vera snyrtileg og falla vel að umhverfi sínu og þannig úr garði gerð að þau stuði ekki né trufli vegfarendur. Texti eða myndverk skulu ekki innihalda ósæmileg skilaboð né vera til þess fallin að vekja upp reiði eða úlfuð. Öll veggspjöld við opinberar byggingar skulu vera sett upp í samráði við viðeigandi stofnun og með hennar samþykki.

Stærðir slíkra skilta er hægt að sjá í kafla 3.4 um hámarksstærð skilta.



### STAFASKILTI

eru skilti sem sýna einungis bókstafi eða tölustafi sem settir eru beint á mannvirkið. Hægt er að veita heimild fyrir stærra þjónustuskilti af þessari gerð ef um er að ræða stórar byggingar eða mannvirki. Oft eru þessi skilti hönnuð samhliða sjálfu mannvirkinu.



### SKILTI SEM VARPAÐ ER Á GÖTU EÐA VEGG

eru ljós, jafnvel með mynstrum eða hreyfimyndum, sem er varpað á flöt með tæknibúnaði. Oft notuð í tengslum við tímabundna viðburði. Ef ekki er um tímabundna lausn að ræða þarf að sækja um byggingarleyfi.



## SKILTI SEM ERU MÁLUÐ Á VEGG EÐA ANNAN FLÖT

eru merkingar sem málaðar eru beint á flöt. Ekki skal nota þessa lausn ef um er ræða flöt sem erfitt er að mála yfir, t.d. hlaðinn vegg. Þessi skilti skulu sett upp í samráði við viðkomandi stofnun.



## SKILTI SEM STANDA ÚT FRÁ MANNVIRKI

eru merkingar sem eru festar á húsgafl og standa úti á götu eða gangstétt (sjá fjarlægðir í kafla 3.4). Geta verið upplýst eða ekki.

## SKILTI Í GLUGGUM

eru filmur í rúðum. Ekki er heimilt að loka alveg fyrir glugga á verslunarsvæðum. Geta virkað fráhrindandi og breytt últiti götumyndar.



## SKILTI INNANDYRA SEM ERU SÝNILEG AÐ UTAN

Ekki þarf að sækja um byggingarleyfi

## FRÍSTANDANDI SKILTI

eru merkingar sem ekki eru festar við hús heldur í jörð.. Hæð má vera allt að 6 metrum og flatarmál 9 m<sup>2</sup> nema ef um er að ræða stórar byggingar þar sem skilti eru sérstaklega hönnuð samhliða og eru hluti af últiti og hönnun húss.

## LAUSASKILTI

eru laus skilti, gormaskilti, dagskilti, vindstandar, klappskilti og A standar. Þetta eru bráðabirgðarskilti og gæta þarf þess að hamla ekki aðgengi fólks og að þau fjúki ekki í roki. Dæmi um slík skilti eru íþróttaviðburðir, jólatrjáasala, flugeldasala eða jólaþorp. Slík skilti skulu fara niður eigi síðar en 2 dögum eftir að viðburði líkur. Í þessum flokki eru einnig borðar, fánar og annað sem auglýsir viðkomandi atburð.





## FÁNAR

Það þarf að sækja um leyfi til að setja upp þjónustufána á hús. Ekki þarf að sækja um leyfi fyrir þjóðfánum. Stærðir og hlutföll eru skilgreind í kafla 3.3 Fánar á vegum Hafnarfjarðarbæjar eru undanskildir leyfum.

## BORDAR

sem oftast eru í tengslum við tímabundna viðburði. Ekki þarf að sækja um leyfi fyrir borðum.

## AUGLÝSINGASTANDAR

eru stakstæðir standar þar sem hægt er að skipta út auglýsingum.

## STAFRÆN SKILTI

eru skjár eða flötur sem settur er saman úr síðum og gefur frá sér ljóma. Sjá kafla um ljómatakmarkanir. Skilti sem eru stærri en 10 m<sup>2</sup> eru leyfileg ef ákvæði í deiliskipulagi eru fyrir hendi. Slik skilti mega aldrei vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísum eða öðrum umferðargögnum en 20 m.



Byggingarfulltrúa er heimilt að veita undanþágu ef um er að ræða skóla, íþróttafélög eða aðrar sambærilegar stofnanir. Hreyfimyndir og myndbönd eru óheimil nema á íþróttasvæðum á meðan leik stendur.

Stafræn skilti skulu ekki vera í gangi á milli kl. 22.00 og 07.00 og líða þurfa a.m.k. 8 sekúndur á milli mynda.

Nánari upplýsingar um takmarkanir á stafrænum skiltum er að finna í 4. kafla.



## SKILTI SEM AUGLÝSIR SÖLU EIGNAR, VIÐGERÐIR EÐA BREYTINGAR Á HÚSNÆÐI

Skulu standa innan lóðar. Við framkvæmdir innanhúss er heimilt að hylja glugga með filmu eða veggspjöldum sem veita upplýsingar um framkvæmdir og framkvæmdatíma.

## SKILTI SEM GEFA UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDIR NÝBYGGINGA EÐA ANNARRA FRAMKVÆMDA

Almennar upplýsingar um framkvæmdatíma, hönnuði og verktaka. Leyfilegt er að setja upp auglýsingaspjöld á girðingar umhverfis framkvæmdasvæði sem sýna á grafískan hátt hvernig svæðið muni líta út. Þetta er gert til að vega upp á móti raskaðri götumynd.

## RATSKILTI

eru vegvísar sem vísa leiðir að þjónustu, kennileitum eða fyrirtækjum.

**UPPLÝSINGA- OG FRÆÐSLUSKILTI Á VEGUM HAFNARFJARÐARBÆJAR**  
eru skilti sem sýnir t.d. þjónustu almenningssamgangna, göngu- og hjólaleiðir, friðlýst svæði og fræðsluskilti á vegum m.a. byggðasafnsins.

## MARKÍSUR

eða útdraganleg tjöld skulu taka mið af útliti, formi og efnisvali mannvirkis.

## ÚTSTILLINGAR FYRIR FRAMAN VERSLANIR

Blómastandar, fataslár eða annað sem sett er fyrir framan verslanir í auglýsingaskyni. Óska skal eftir afnotaleyfi ef um bæjarland er að ræða.

## ÖNNUR SKILTI EÐA GÖTUGÖGN Á VEGUM HAFNARFJARÐAR

Svo sem Hjarta Hafnarfjarðar, bókaskápur við Hellisgerði eða listaverk á opnum svæðum.



### 3.3 Skipulag, útlit og hönnun, stærðir og hlutföll


- Hægt er að skilgreina notkun skiltar í deiliskipulagi
- Leita skal umsagnar viðeigandi stofnana ef mannvirki eða götumyndir eru friðlýstar eða hverfisverndaðar
- Skilti skulu falla vel að umhverfi sínu og taka skal mið af hlutfalli, yfirbragði og staðaranda hvers svæðis.
- Efnisval, útlit, hönnun og stærðir skulu falla vel að byggingum og vera í hlutfalli við stærðir þeirra.
- Mesta hæð skiltis skal ekki vera hærri en þakbrún nærliggjandi húsa nema að annað sé tilgreint í skipulagi
- Hæð má þó aldrei vera meiri en 8 metrar.
- Ekki má skyggja á kennileiti eða menningarverðmæti
- Tryggja skal að almenningu stafi ekki hætta af skiltinu, hæð skal vera að lágmarki 4,2 m yfir akbrautum eða akfærum stígum.
- Ef skilti er útstætt frá húsvegg og nær fram að gangstétt skal það ekki ná lengra út en 75 cm.

### 3.4 Skilti sem eru undanþegin leyfum byggingarfulltrúa

- Skilti sem falla undir þennan flokk skulu þó alltaf fylgja reglum um ljósstyrk og birtustig, sjá kafla 7
- Öll skilti skulu þó uppfylla almenn ákvæði varðandi útlit, hönnun, skipulag, lýsingu, hámarkshæð, staðsetningu og öryggi.
- Þjónustuskilti og veggspjöld, frístandandi eða á byggingum sem eru minni en 1,5 m<sup>2</sup>
- Upplýsinga- og fræðsluskilti á vegum Hafnarfjarðarbæjar
- Öll bráðabirgðaskilti sem eru minni en 2 m<sup>2</sup>. Ef skilti eru á bæjarlandi þarf að sækja um tímabundið afnotaleyfi.
- Skilti sem auglýsa eignir til sölu eða leigu og eru ekki stærri en 1,5 m<sup>2</sup>
- Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar eða breytingar eða viðgerð á mannvirkjum og eru staðsett innan lóðar og ekki stærri en 2 m<sup>2</sup> þar sem fram kemur heiti mannvirkis, hönnuðir, verktakar o.fl.
- Skilti sem sýna deiliskipulag nýbyggingarsvæða og eru ekki stærri en 4 m<sup>2</sup>
- Auglýsingar á íþróttaleikvöngum er snúa inn á við að leikvangnum og eru í gangi á meðan leik stendur.
- Auglýsingar sem eru órjúfanlegur hluti af hönnun byggingar.
- Umferðarmerki.
- Vinnusvæðamerkingar, sjá reglur um vinnustaðamerkingar
- Auglýsingar á hliðum biðskýla fyrir strætó og leiðarkerfi fyrir almenningssamgöngur.

# 4 Landnotkunarflokkar aðalskipulags

og nánari ákvæði um notkun skilta



## 4.1 Skilti í miðbæ Hafnarfjarðar

Það þarf að sækja um leyfi fyrir öllum skiltum og auglýsingum í miðbæ Hafnarfjarðar

### ÞJÓNUSTUSKILTI

Heimilt er að setja upp upplýst skilti á hús sem auglýsir viðkomandi verslun, fyrirtæki eða þjónustu.

Heimilt er að setja upp upplýst og óupplýst þjónustuskilti á byggingar eða mannvirki. Hámarksstærð er 6 m<sup>2</sup>. Ef um er að ræða veggspjald er hámarksstærð 1 m<sup>2</sup> og skal texti tengjast starfsemi byggingarinnar.

Útstæð þjónustuskilti eru leyfð og skulu ekki almennt vera stærri en 0,50 m<sup>2</sup> en heimilt er að veita undanþágu ef um er að ræða stórar byggingar eins og Hafnarborg.



### AUGLÝSINGASKILTI

Óupplýst og upplýst auglýsingaskilti í formi veggspjalta og skilta sem eru málud eða varpað á vegg eru heimilud í miðbæ Hafnarfjarðar. Hámarksstærð er 1 m<sup>2</sup>. Heimilt er að veita undanþágur með stærðir ef um er að ræða stórar byggingar.



### UPPLÝSINGASKILTI

Leyfilegt er að setja upp skilti sem auglýsa til sölu eign, viðgerðir eða breytingar á húsnæði. Þau skilti skulu ávallt standa innan lóðar og ekki vera stærri en 4 m<sup>2</sup>.

Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar skulu staðsett á viðkomandi lóð.

Upplýsingaskilti á vegum Hafnarfjarðarbæjar eru leyfð í miðbæ Hafnarfjarðar og skulu standa á bæjarlandi eða innan lóða stofnana á vegum bæjarins. Þar er átt við skilti sem sett eru upp á almennum gönguleiðum, garðsvæðum og leiksvæðum.

Þau skilti upplýsa t.d um friðlýst hús og fleira sem tengist svæðinu á einhvern hátt svo sem sagnfræði eða annan fróðleik. Slík skilti mega ekki vera stærri en 3 fm. Slík skilti mega vera upplýst.

### FRÍSTANDANDI SKILTI

Við verslunarkjarna eða -klasa á miðbæjarsvæðum er heimilt að setja frístandandi þjónustuskilti innan lóðar. Slík skilti mega vera upplýst og mega ekki vera hærri en 6 m og skulu hafa 2 hliðar. Húsfélag hvers verslunarkjarna skal sjá um frekari útfærslu og fyrirkomulag slíkra skilta.

### STAFRÆN SKILTI

Stafræn skilti eru heimiluð og skulu fylgja ákvæðum sem fram koma í kaflanum um ljómatakmarkanir. Viðmiðið er stafræn skilti sem finna má í strætóskýlum.

### ANNAÐ

Álímdir límmiðar mega ekki hylja meira en 50% glugga.

Við veitingu leyfa í miðbæ Hafnarfjarðar skal gæta þess að skilti falli vel að umhverfinu og séu í samræmi við byggingarstíl húss bæði hvað varðar gerð og litaval.

Markíssur eru leyfilegar á jarðhæðum. Í miðbæ Hafnarfjarðar má einungis setja álímd veggspjöld á þar til gerða veggfleti.

Það má setja upp lausaskilti í miðbænum sem eru í tengslum við tímabundna viðburði eða hátiðir.

Vegvísa að opinberum stofnunum má setja á ljósastaura og önnur götugögn á vegum Hafnarjarðarbæjar.

Við uppsetningu á listaverkum eða öðrum götugönum skal umhverfis- og skipulagssvið veit umsögn um erindið.

**Önnur skilti eða merkingar eru ekki leyfð í miðbæ**



## 4.2 Skilti á verslunar og þjónustusvæðum

Í þessum flokki eru svæði inni í íbúðarhverfum sem veita þjónustu.  
Stöðin á Reykjavíkurvegi,  
verslunarkjarni við Miðvang 41,  
verslunarkjarni í Setbergi.

### þJÓNUSTUSKILTI

Heimilt er að setja upp upplýst og óupplýst þjónustuskilti á byggingar eða mannvirki innan lóðar. Hámarksstærð skal vera 6 m<sup>2</sup> nema ef um er að ræða stórar byggingar þar sem skilti eru sérstaklega hönnuð samhliða og eru hluti af útliti og hönnun húss. Útstæð þjónustuskilti mega ekki vera stærri en 1 m<sup>2</sup>.

### UPPLÝSINGASKILTI

Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis. Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 4 m<sup>2</sup> og skulu þau standa innan lóðar. Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum eru staðsett á viðkomandi lóð. Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 4 m<sup>2</sup>.

Upplýsingaskilti á vegum Hafnarfjarðarbæjar eru leyfð á verslunar- og þjónustusvæðum og skulu standa á bæjarlandi. Þar er átt við skilti sem sett eru upp á almennum gönguleiðum, garðsvæðum og leiksvæðum.

Þau skilti upplýsa um göngu- og hjólaleiðir, friðlýst svæði og fleira sem tengist svæðinu á einhvern hátt. Slík skilti mega ekki vera stærri en 3 fm. Slík skilti mega vera upplýst.



## AUGLÝSINGASKILTI

Óupplýst og upplýst auglýsingaskilti í formi veggspjalta eða skilta sem eru málud eða varpað á vegg eru heimiluð innan lóða verslana, fyrirtækja og stofnana og eru sett upp í þeim tilgangi að auglýsa þjónustu tengda starfsemi viðkomandi fyrirtækis eða verslunar. Hámarksstærð er 4 m<sup>2</sup>



## FRÍSTANDANDI SKILTI

Eru heimiluð á þessum svæðum en þau þurfa að hafa 2 hliðar og mega vera allt að 6 m nema ef um er að ræða stórar byggingar eða mannvirki þar sem skilti eru sérstaklega hönnuð samhlíða og eru hluti af útliti og hönnun húss eða mannvirkis.

## STAFRÆN SKILTI

Stafræn skilti með ljósmyndum eða kyrrum auglýsingum eru heimiluð og skulu fylgja ákvæðum sem fram koma í kaflanum um ljómatakmarkanir.

## ANNAÐ

Heimilt er að setja álímda límmiða í glugga en þeir mega þá ekki þekja meira en helming gluggans. Undantekning er þó þegar um er að ræða sölu eða framkvæmdir á húsnæði. Markísur eru leyfilegar á jarðhæðum. Vegvísá að opinberum stofnunum má setja á ljósastaura.



Við uppsetningu á merkingum, listaverkum eða öðrum götugögnum skal umhverfis- og skipulagssvið gefa umsögn um erindið

## 4.3 Skilti á svæðum merkt samfélagsþjónustu

Í flokki samfélagsþjónustueru m.a. skólar og heilbrigðisstofnanir kirkjur og félagslegar stofnanir eins og skátar og klaustrið.

### ÞJÓNUSTUSKILTI

Heimilt er að setja upp upplýst og óupplýst þjónustuskilti á byggingar eða mannvirki innan þeirra lóða. Hámarksstærð skal vera 6m<sup>2</sup> nema annað sé heimilað í skipulagi. Ef nöfn margra fyrirtækja koma fram á húshlið skal samræma útlit og frágang þjónustuskilta.



### UPPLÝSINGASKILTI

Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnaðis, auk skilta sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð. Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 6 m<sup>2</sup> og skulu þau standa innan lóðar.

Ávallt skal setja upp skilti sem auglýsa framkvæmdir nýbygginga eða annarra framkvæmda. Stærð slíkra skilta fer eftir umfangi framkvæmda og aðstæðum en þau mega þó aldrei fara yfir 10m<sup>2</sup>nema annað sé heimilað í skipulagi. Slík skilti sem fest eru á girðingar eru undanskilin þessum reglum



## **STAFRÆN SKILTI**

Stafræn skilti eru heimiluð og skulu fylgja ákvæðum sem fram koma í kaflanum um ljómatakmarkanir.

## **AUGLÝSINGASKILTI**

Óupplýst og upplýst auglýsingaskilti í formi veggspjalta eða skilta sem eru málud eða varpað á vegg eru heimiluð innan lóða verslana, fyrirtækja og stofnana og eru sett upp í þeim tilgangi að auglýsa þjónustu tengda starfsemi viðkomandi fyrirtækis eða verslunar. Hámarksstærð er 4 m<sup>2</sup>.

## **FRÍSTANDANDI SKILTI**

Eru heimiluð á þessum svæðum en þau þurfa að hafa 2 hliðar og mega vera allt að 6 m nema ef um er að ræða stórar byggingar eða mannvirki þar sem skilti eru sérstaklega hönnuð samhliða og eru hluti af útliti og hönnun húss eða mannvirkis.

## **ANNAÐ**

Við uppsetningu á merkingum, listaverkum eða öðrum götugögnum skal umhverfis- og skipulagssvið gefa umsögn um erindið.

## 4.4 Skilti á athafna- iðnaðar og hafnarsvæðum (AT, I og H)

Í flokki athafnasvæða eru m.a. Bæjarhraun og Dalshraun, Norðurhella og Selhella. Í flokki iðnaðarsvæða eru Skúthraun og Drangahraun, Eyrartröð og Melabraut og Hellnahraun sunnan ávers.

Í flokki hafnarsvæða er Hafnarfjarðarhöfn.

### ÞJÓNUSTUSKILTI

Heimilt er að setja upp 1 upplýst og óupplýst þjónustuskilti á byggingar eða mannvirki innan þeirra lóða. Hámarksstærð skal vera 9 m<sup>2</sup> nema annað sé heimilað í skipulagi. Ef nöfn margra fyrirtækja koma fram á húshlið skal samræma útlit og frágang þjónustuskilta.



### AUGLÝSINGASKILTI

Óupplýst og upplýst auglýsingaskilti í formi veggspjalda eða skilta sem eru málud eða varpað á vegg eru heimiluð innan lóða og eru sett upp í þeim tilgangi að auglýsa þjónustu tengda starfsemi viðkomandi fyrirtækis eða verslun. Hámarksstærð er 8 m<sup>2</sup>.

### UPPLÝSINGASKILTI

Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnaðis, auk skilta sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð . Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 6 m<sup>2</sup> og skulu þau standa innan lóðar.



Ávallt skal setja upp skilti sem auglýsa framkvæmdir nýbygginga eða annarra framkvæmda. Stærð slíkra skilta fer eftir umfangi framkvæmda og aðstæðum en þau mega þó aldrei fara yfir 10m<sup>2</sup>nema annað sé heimilað í skipulagi. Slík skilti sem fest eru á girðingar eru undanskilin þessum reglum.

## **FRÍSTANDANDI SKILTI**

Eru heimiluð á innan lóðar. Hæð má vera allt að 6 m og flatarmál 9 m nema ef um er að ræða stórar byggingar þar sem skilti eru sérstaklega hönnuð samhliða og eru hluti af útliti og hönnun húss.

## **STAFRÆN SKILTI**

Stafræn skilti eru heimiluð og skulu fylgja ákvæðum sem fram koma í kaflanum um ljómatakmarkanir.

## **ANNAÐ**

Ekki má hylja meira en 50% glugga með álímdum límmiðum og óheimilt er að byrgja fyrir glugga jarðhæða húsa þar sem fer fram verslun eða þjónusta. Undantekning er þegar um sölu/framkvæmdir á húsnæði er að ræða og skal þá tilgreina áætlaðan opnunartíma.

Við uppsetningu á merkingum, listaverkum eða öðrum götugögnum skal umhverfis- og skipulagssvið gefa umsögn um erindið.

**Önnur skilti eru ekki leyfð á verslunar- og þjónustusvæðum.**

## 4.5 Skilti á íbúðarsvæðum (ÍB, ÍB2 og ÍB3)

Í þessum flokki eru annars vegar íbúðarsvæði merkt ÍB og hins vegar svæði merkt ÍB2 og ÍB3. ÍB2 er íbúðabyggð í sambýli við léttan iðnað, verslanir o.fl. Til dæmis Reykjavíkurvegur og Flatahraun.

Einnig eru íbúðarsvæði merkt ÍB3 – vesturbær. Svæðið er í nábýli við miðbæ Hafnarfjarðar, t.d. Norðurbakki.

Ef um er að ræða atvinnustarfsemi í heimahúsi má setja upp óupplýst þjónustuskilti innan lóðar en þó aldrei stærra en 2 m<sup>2</sup>. Einnig má setja upp filmur í glugga til að auglýsa viðkomandi starfsemi.

Leyfilegt er að setja upp skilti sem auglýsa til sölu eign, viðgerðir eða breytingar á húsnæði. Þau skilti skulu ávallt standa innan lóðar og ekki vera stærri en 4 m<sup>2</sup>.

### ÞJÓNUSTUSKILTI

Heimililt er að setja upp upplýst og óupplýst skilti á mannvirki innan lóðar. Hámarksstærð er 6 m<sup>2</sup>.



### AUGLÝSINGASKILTI

Óupplýst og upplýst auglýsingaskilti í formi veggspjalda eða skilta sem eru málud eða varpað á vegg eru heimiluð innan lóða verslana, fyrirtækja og stofnana og eru sett upp í þeim tilgangi að auglýsa þjónustu tengda starfsemi viðkomandi fyrirtækis eða verslunar. Hámarksstærð er 4 m<sup>2</sup>.



## UPPLÝSINGASKILTI

Heimilt er að setja upp skilti sem auglýsa framkvæmdir nýbygginga eða annarra framkvæmda. Stærð slíkra skilta fer eftir umfangi framkvæmdanna.

Upplýsingaskilti á vegum Hafnarfjarðarbæjar eru leyfð á íbúðarsvæðum. Þar er átt við skilti sem sett eru upp á útivistarsvæðum, garðsvæðum og leiksvæðum. Þau skilti upplýsa um göngu- og hjólaleiðir, friðlýst svæði og fleira sem tengist íbúðarsvæðinu á einhvern hátt. Vegvísa að opinberum stofnunum má setja á ljósastaura.

## FRÍSTANDANDI SKILTI

Frístandandi skilti eru leyfð á þessum svæðum innan lóðar. Slík skilti þurfa að hafa 2 hliðar og hæð má vera allt að 6 m.

## STAFRÆN SKILTI

Stafræn skilti eru heimiluð og skulu fylgja ákvæðum sem fram koma í kaflanum um ljómatakmarkanir.

## ANNAÐ

Heimilt er að setja álímda límmiða í glugga en þeir mega þá ekki þekja meira en helming gluggans. Undantekning er þó þegar um er að ræða sölu eða framkvæmdir á húsnæði. Markísur eru leyfilegar á jarðhæðum.

Við uppsetningu á merkingum, listaverkum eða öðrum götugögnum skal umhverfis- og skipulagssvið gefa umsögn um erindið.



**Önnur skilti eru ekki leyfð á  
íbúðarsvæðum**

## 4.6 Skilti á íþróttasvæðum (Íþ)

### ÞJÓNUSTUSKILTI

Heimilt er að setja upp 1 upplýst eða óupplýst skilti á byggingar innan lóða íþróttasvæða. Hámarksstærð skal vera 10 m<sup>2</sup> nema annað komi fram í skipulagi. Skilti skulu vera þannig úr garði gerð að þau trufli ekki nærliggjandi íbúðabyggð eða opin svæði.

### AUGLÝSINGASKILTI

Óupplýst og upplýst veggspjöld eru heimiluð á lóðum íþróttafélaga til að auglýsa þjónustu tengda starfsemi lóðarhafa. Hámarksstærð er 10 m<sup>2</sup> nema annað sé heimilað í deiliskipulagi. Óupplýst og upplýst veggspjöld sem eru notuð til auglýsinga eru heimiluð innan íþróttasvæða.

Samræma skal útlit þeirra þannig að samspli forms, rýmis, skala og hlutfalla sé gætt.

Almennt skal vandað til hönnunar á merkingum á íþróttasvæðum.



Leyfilegt er að setja upp 1 flettiskilti á þríhyrndum standi við íþróttaleikvanga. Slík skilti skulu standa innan lóðar. Slík skilti mega aldrei fara yfir 8,5 metra. Á flettiskiltum og ljósaskiltum skal ekki líða minna en ein mínúta frá því að ein auglýsing birtist og þar til sí næsta birtist.



### STAFRÆN SKILTI

Stafræn skilti eru heimiluð og skulu fylgja ákvæðum sem fram koma í kafla 7 um ljómatakmarkanir.

Stafræn skilti með hreyfimyndum og sem eru hluti af keppnishaldi eru heimiluð innan íþróttasvæða og skulu þau snúa inn á leikvanginn. Þetta á líka við um tölvustýrðar hreyfimyndir og myndbönd.

### UPPLÝSINGASKILTI

Heimilt er að setja upp skilti sem auglýsa framkvæmdir nýbygginga eða annarra framkvæmda. Stærð slíkra skilta fer eftir umfangi framkvæmdanna.

4.7

## Skilti á verndar-, friðlýstum og opnum svæðum(FS, HV,OP, ÓB)

ásamt afþreyingar- og ferðamannasvæðum og skógræktar og landgræðslusvæðum (AF,SL)

Í flokki verndarsvæða er m.a. Seltún í Krýsuvík  
Í flokki friðlýstra svæða eru Hvaleyrarlón, Hleinar –  
Langeyrarmalir og Ástjörn.

Í flokki óbyggðra svæða er allt upplandið

Í flokki afþreyingar- og ferðamannasvæða eru  
stjörnuskoðunartjöldin við Snókalönd við Bláfjallaveg.

### ÞJÓNUSTUSKILTI

Heimilt er að setja upp upplýst og óupplýst  
þjónustuskilti á byggingar eða mannvirki  
innan viðkomandi lóða. Hámarksstærð skal  
vera 6m<sup>2</sup> nema annað sé heimilað í skipulagi.  
Dæmi um þjónustuskilti er skiltið við  
gróðrastöðina Þöll við Kaldárselsveg.



### AUGLÝSINGASKILTI

Óupplýst og upplýst auglýsingaskilti í formi  
veggspjalda eða skilta sem eru máluð eða  
varpað á vegg eru heimiluð innan lóða  
fyrirtækja og stofnana og eru sett upp í þeim  
tilgangi að auglýsa þjónustu tengda starfsemi  
viðkomandi fyrirtækis. Hámarksstærð er 4  
m<sup>2</sup>.



### UPPLÝSINGASKILTI

Upplýst og óupplýst upplýsinga- og  
fræðsluskilti á vegum bæjarins eða  
viðkomandi samtaka eru leyfð. Slík skilti mega  
ekki vera stærri en 3 m<sup>2</sup> og skulu standa á  
bæjarlandi nema kveðið sé á um annað í  
skipulagi. Þau eru sett upp á almennum  
gönguleiðum eða við kennileiti eða  
áhugaverða staði.

## STAFRÆN SKILTI

Stafræn skilti eru eru ekki heimiluð á þessum svæðum.

## VARÚÐARSKILTI Á VEGUM HAFNARFJARDARBAEJAR

Óupplýst skilti sem veita upplýsingar til almennings um t.d. grjóthrun eða meðferð á eldi á skógræktarsvæðum.  
Ratskilti eru leyfð.

Skilti á friðlýstum svæðum skulu fylgja reglum Umhverfisstofnunar

<https://godarleidir.is/vegrun/inngangur>

Heimilt er að setja vegvísa að opinberum stofnunum á ljósastaura.



## ANNAÐ

Við uppsetningu á merkingum, listaverkum eða öðrum götugögnum skal umhverfis- og skipulagssvið gefa umsögn um erindið.



4.8

## Skilti innan veghelgunarsvæðis stofn- og tengibrauta

Engin skilti mega vera innan veghelgunarsvæðis önnur en umferðarskilti.

- Leyfilegt er að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti við stofn- og tengibrautir, utan veghelgunar, sem eru stærri en 10m<sup>2</sup> ef fyrir er sambærilegt flettiskilti eða ef deiliskipulag heimilar slík skilti.
- Heimilt er að veita leyfi til að setja upp stafræn auglýsingaskilti á standi eða vegg. Skiltin mega ekki vera hærri en 8 m og ekki stærri en 25 m<sup>2</sup> nema annað sé heimilað í skipulagi.
- Stafræn auglýsingaskilti við stofn- eða tengibrautir mega ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísum og öðrum umferðarbúnaði en 20 m.
- Skiltin mega ekki líkjast umferðarskiltum á neinn hátt. Skiltin mega ekki vera með fleiri en eina sýnilega hlið sem snýr í átt að vegfarendum.
- Ljósaskilti með blikkandi ljósum eða hreyfimyndum sem snúa að stofn- eðdatengibrautum eru óheimil .



# 5 Umsóknir, leyfisveiting og eftirlit



## 5

# Umsóknir, leyfisveiting og eftirlit

Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar. Sækja skal um leyfi fyrir öllum skiltum nema þeim sem getið er um í kafla 3.2.

## GÖGN:

- Afstöðumynd sem sýnir staðsetningu á lóð, stærð og umfang. Gera skal grein fyrir efnisvali, hönnun og útliti.
- Lýsing, efnisval, festingar, litur, hæð
- Ljómi, stýring á honum og hvort til staðar sé búnaður sem fylgir umhverfisbirtu.
- Skilgreina hámarksljóma.
- Samþykki meðeigenda í húsi
- Útfærsla og hönnun skal jafnframt taka mið af byggingarstíl hússins.



**Byggingarfulltrúi** veitir leyfi fyrir skiltum og auglýsingum ef umsók uppfyllir ákvæði samþykktar þessarar. Þegar sérstaklega stendur á getur hann vísað umsókn til byggingarnefndar. Umsóknir um leyfir fyrir fletti- og ljósaskiltum skulu þó jafnan lagðar fyrir byggingarnefnd.

**Byggingarfulltrúi** getur heimilað uppsetningu skilta vegna viðburða og skulu þau ekki sett upp fyrr en 4 vikum fyrir viðburð. Þau skal taka niður eigi síðar en 2 dögum eftir viðburð.

Byggingarfulltrúi og byggingarnefnd geta gefið tímabundin leyfi fyrir skiltum og auglýsingum.

**Óheimilt** er að setja upp eða koma fyrir auglýsingu eða skilti, þó að leyfisumsókn hafi hlutið endanlegt samþykki, fyrr en leyfisgjald hefur verið greitt og iðnmeistarar, eftir því sem við á, hafa áritað yfirlýsingum um ábyrgð sína á verkinu. Ef leyfisgjald er ekki greitt og að viðeigandi iðnmeistarar hafa ekki áritað yfirlýsingum um ábyrgð sína innan 12 mánaða frá endanlegri samþykkt, fellur leyfið úr gildi.

- Gefa skal eigendum eldri skilta sem uppfylla ekki kröfur skv. þessari samþykkt kost á því að sækja um leyfi fyrir sín skilti innan eins árs frá útgáfu þessarar samþykktar.
- Ef ekki verður brugðist við getur byggingarfulltrúi látið fjarlægja skiltin að undangenginni aðvörun.
- Byggingarfulltrúi getur þegar sérstaklega stendur á, veitt undanþágur frá samþykkt þessari varðandi eldri skilti.

## Heimild til undantekninga

Byggingarfulltrúi getur vikið frá ákvæðum um staðsetningu og stærð skilta þegar sérstakar ástæður mæla með því. Leita skal umsagnar skipulagsfulltrúa og annarra eftir því sem við á.

## Refsiákvæði

Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða brýtur gegn ákvæðum þessarar samþykktar getur sá hinn sami beitt ákvæðum byggingarreglugerðar um þvingunarúrræði.

A dark, atmospheric night photograph of a city street. In the foreground, a building's facade is partially visible with some glowing windows. A large, bright yellow heart-shaped light projection is positioned in the upper right corner, casting a glow on nearby trees. The overall mood is romantic and celebratory.

7

Fylgiskjal

# Ljómatakmarkanir skilta í Hafnarfirði



## 7.1 Lýsingarhugtök

### Glýja:

Ljómi frá fleti eða ljósgjafa sem er umfram þann styrkleika sem augað getur aðlagast.

### Ljómi:

(cd/m<sup>2</sup>) ljósstyrkur á fleti í tiltekna átt.

### Ljósdíóða:

Ljósdíóða (led) er rafeindaíhlutur sem framleiðir ljós í hálflieiðaraefni. Með notkun réttra efnasambanda getur díóðan framleitt sýnilegt ljós af mismunandi bylgjulengdum.

### UGR (Unified glare rating system):

Stuðull sem segir til um glýju. Skali stuðulsins nær frá fimm og upp í 40, því lægri sem talan er því minni er glýjan.

### ULR (Upward Light Ratio):

Stuðull sem segir til um hámarks leyfilega prósentu af ljósstyrk sem beinist upp í himininn.

## 7.2 Flokkun svæða eftir umhverfisbirtu

Til er alþjóðleg umhverfisflokkun um ákjósanlegt birtustig útisvæða.

Upprunalega var flokkunin gefin út af International commission on Illumination og var hún fyrst birt árið 2014 í Bandaríkjunum í leiðbeiningunum Recommended Practice for Exterior Environmental Lighting sem gefnar voru út af Illuminating engineering society (IES).<sup>[1]</sup> Síðan hefur flokkunin verið birt í mörgum leiðbeiningaritum og stöðlum tengdum lýsingu. Þessi flokkun nýtist vel þegar ákveða á hámarks ljóma eða birtu fyrir ákveðin svæði. Hér hefur taflan verið þýdd yfir á íslensku en upprunarleg tafla var fengin úr leiðbeiningariti breska ljóstæknifélagsins, Institution of Lighting Professionals (ILP) um ljósmengun eða Guidance Notes for the Reduction of Obtrusive Light.<sup>[2]</sup>

### Tafla 1 Flokkun svæða eftir umhverfisbirtu

SVÆÐI	UMHVERFI	UMHVERFISBIRTA	DÆMI
E0	Verndað	AlgjörtMyrkur	UNESCO stjörnuskoðunarsvæði, IDA myrkursvæði*
E1	Náttúra	Myrkur	Þjóðgarðar, Svæði sem búa yfir mikilli náttúrufegurð o.s.frv.
E2	Dreifbýli	Lágt birtustig	Þorp eða úthverfi með lítilli umhverfisbirtu
E3	Þéttbýli	Miðlungs birtustig	Minni bæjarfélög og úthverfi
E4	Borg	Hátt birtustig	Miðbær og borgir þar sem umferð vegfarenda er mikil að næturlagi.

\*Svæði sem vottuð eru af International Dark Sky Association (IDA) vegna myrkurgæða þeirra.

<sup>[1]</sup> Lighting Zones, International Dark Sky Association, sótt 28.10.2020 af <https://www.darksky.org/our-work/lighting/public-policy/model-lighting-laws-policy/lighting-zones/>

<sup>[2]</sup> Guidance Notes for The Reduction of Obtrusive Light, Institution of Lighting Professionals, 2011, bls 4-5.

## Tafla 2 Takmörk óvelkominnar lýsingar

Svæði	Ljóshjúpur ULR (Max %)	Óvelkomin lýsing (inn um glugga) $E_v$ (lux)		Hámarks ljómi I (cd/m <sup>2</sup> )		Hámarks ljómi í Hafnarfirði I (cd/m <sup>2</sup> )
		Dagsbirta*	Myrkur**	Dagsbirta*	Myrkur**	Myrkur**
<b>E0</b>	0	0	0	0	0	—
<b>E1</b>	0	2	0 (1*)	2.500	0	50
<b>E2</b>	2.5	5	1	7.500	500	300
<b>E3</b>	5.0	10	2	10.000	1.000	—
<b>E4</b>	15	25	5	25.000	2.500	—

\* Í upprunarlegu töflunni er þarna talað um Pre-curfew sem þýðir fyrir álagstíma útlysingar. Hér var ákvæðið að notast við dagsbirta.

\*\* Í upprunarlegu töflunni er þarna talað um Post-curfew sem þýðir eftir álagstíma útlysingar. Hér var ákvæðið að notast við myrkur.

Við gerð skiltasamþykktar Reykjavíkurborgar var tekin ákvörðun um að flokka svæðin í E1, E2 og E3. E3 á einungis við í miðborg Reykjavíkur þrátt fyrir að flokkur E4 í töflunni eigi við um miðborgir. Sú ákvörðun var tekin vegna þess að tafla 1 er alþjóðleg tafla og á því einnig við um stærri samfélög en Ísland. Flokkur E4 getur því átt við miðborgir á borð við New York, London o.s.frv. en þær eru mun fjölmennari og með meiri umhverfisbirtu en miðborg Reykjavíkur.

Hafnarfjörður er flokkaður í tvö svæði; E1 og E2. Ekki verður notast við flokkinn E3 þar sem ekkert svæði í Hafnarfirði er með sambærilegri umhverfisbirtu og notkun að næturlagi eins og miðborg Reykjavíkur. Eins og áður kom fram voru töflur 1 og 2 fengnar úr leiðbeiningarriti ILP en tafla 2 hefur verið aðlöguð að Hafnarfirði út frá þeirri vinnu sem fór fram í Reykjavík við gerð skiltasamþykktar.

[3] Guidance-notes-for-the-reduction-obtrusive-light.pdf, bls 4

## 7.3 Reglur um lýsingu og ljóma

### Eftirfarandi reglur gilda um lýsingu og ljóma í umdæmi Hafnarfjarðar:

- Hámarksljómi stafrænna skilta þegar myrkur er úti skal vera 50 cd/m<sup>2</sup> á svæði E1 og 300 cd/m<sup>2</sup> á svæði E2. Ef skilti eru stærri en 25m<sup>2</sup> skal hámarks ljómi frá þeim vera 200 cd/m<sup>2</sup> á svæði E2.
- Þegar stafræn skilti sem eru stærri en 10m<sup>2</sup> eru sett upp skal framkvæma ljósmaelingar sem hjálpa til við að stilla skiltið rétt með tilliti til umhverfisbirtu svæðisins. Þegar ljósmaelingarnar eru framkvæmdar skal hafa í huga hámarksljóma sem kemur fram í töflu 2 og glýju sem skal ekki fara yfir 28 UGR sem eru mörk óþæginda glýju.
- Þegar ljósmaelingar á skiltum eru framkvæmdar skulu teknar myndir þegar myrkur er úti með þar til gerðri ljómamýndavél og stilla skiltið á viðeigandi prósentu í samræmi hámarksljóma svæðisins.
- Öll stafræn skilti skulu annað hvort vera búin búnaði þar sem ljóminn lagar sig að umhverfisbirtunni eða vera stillt þannig að tryggt sé að þau fari ekki yfir leyfilegan hámarks ljóma þegar myrkur er úti.
- Í skiltum sem laga sig að umhverfisbirtunni skal fylgja þrepaskiptingu þar sem ljóminn stigmagnast jafnt og þétt yfir daginn, nær hámarki þegar sólin er hæst á lofti og minnkar svo jafnt og þétt þangað til myrkur er skollid á.
- Ljómi skilta þegar bjart er úti skal miðast við allþjóðlega staðla í töflu 2.
- Stafræn skilti skulu vera stillt þannig að ef búnaður sem stýrir ljóma skiltisins bilar dettur hann tafarlaust niður í prósentu þar sem ljóminn er ekki yfir hámarks leyfilegum styrk þegar myrkur er úti.
- Ekki er leyfilegt að vera með á eða í skilti, blikkandi ljós eða ljósgeisla sem beinist í átt að vegfarendum eða að íbúðarhúsnaði.
- Ef um utanáliggjandi ljósbúnað er að ræða, þ.e. búnaður sem lýsir á sjálft skiltið, skal koma honum þannig fyrir að ekki sé horft beint í ljósgjafann frá neinu sjónarhorni.
- Utanáliggjandi ljósbúnaður skal ávallt vísa niður á við ef möguleiki er á því. Ef búnaður skiltisins er þannig gerður að það er einungis ljósbúnaður í honum sem vísar upp skal notast við sérstaklega hannaðan búnað til koma í veg fyrir að ljós spillist út í umhverfið.
- Ef óþægindi skapast af lýsingu skiltisins verður þess krafist að eigandi þess fái til sín fagaðila til að framkvæma ljósmaelingar til að stilla skiltið á viðunandi hátt. Ef ekki er farið eftir þeirri tilskipun áskilur byggingarfulltrúi sér rétt til að slökkva á skiltinu á

Leyfilegum styrkum

# Umhverfisbirta eftir svæðum

HAFNARFJÖRÐUR



-Hámarksljómi skilta eftir landnotkun

ÖLL UPPŁÝST SKILT
300 cd/m <sup>2</sup>
50 cd/m <sup>2</sup>
300 cd/m <sup>2</sup>

Óbyggð svæði í kringum stofnbrautir

Afþreyingar og ferðamannasvæði

Eftirstök og efnislosunarsvæði

Fridlyst svæði

Fristundarbyggð

Hafnarvæði

Hverfisvernd

Óbyggð svæði

Íbúðarbyggð

þróttasvæði

Kirkjugarðar og grafreitir

Miðbær, miðsvæði


Opin svæði

Óbyggð svæði

Samfélagsbjönnusta

Skogræktar- og landgræðslusvæði

Vatnsból og vatnsvernd vatnsbóla



Kortið sýnir hvernig Hafnarfirði er skipt upp eftir svæðum með mismikilli umhverfisbirtu.

Svæðin eru þau sömu og aðalskipulag Hafnarfjarðar notast við en þar eru til að mynda Miðsvæði (M) höfð í flokknum E2 en Opin svæði (OP) í flokknum E1.

Óbyggð svæði (ÓB) er eina svæðið sem skiptist í báða flokkana en óbyggð svæði meðfram stofn- og tengibrautum eru höfð í flokknum E2 en önnur óbyggð svæði eru í flokknum E1.